

Sp.

303. Fyrirspurnir.

[156. mál]

I. Til samgönguráðherra um jöfnun símgjalda.

Frá Helga F. Seljan.

Hvers vegna var ekki við síðustu gjaldskrárhækkun Pósts og síma framkvæmd jöfnun símgjalda í samræmi við samþykkt Alþingis frá 25. mars 1974?

II. Til samgönguráðherra um niðurstöður athugana á vetrarvegi um Breiðadalsheiði.

Frá Karvel Pálmasyni.

1. Er lokið þeirri athugun, sem gera átti um gerð varanlegs vetrarvegar yfir Breiðadalsheiði, svo og kostnaðaráætlun því að lútandi?
2. Ef svo er, hverjar eru þá niðurstöður þeirrar athugunar?
3. Hvenær má búast við að framkvæmdir geti hafist?